

FRÆDSLUFUNDUR FÉLAGS ÁHUGAFÓLKS UM SKÓGRÆKT Á FELLSMÖRK Í MÝRDAL

Mánudaginn 5. nóvember 2007 kl. 20.00 í sal Félags frímerkjasafnara Síðumúla 17, Rvk.

Efnt var til þessa fræðslufundar í vetrarbyrjun sem er nýmæli í starfsemi félagsins. Dagskráin var þrjúþætt. Fyrst hélt Jón Geir Pétursson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands, fræðsluerindi - Frá skógeyðingu til skógræktar - með myndefni, ljósmyndum og tölfræðilegum upplýsingum. Gaf Jón Geir heildarmynd af þróun skóglendis á Íslandi allt frá landnámsöld til vora daga með skírskotun til reynslu annarra þjóða af skógeyðingu og endurheimt skóglendis. Ljóst er að mikil uppsveifla er í þessum málaflokki hér á landi um þessarar mundir, en blikur eru á lofti um útvegum landrýmis fyrir skógrækt áhugafólks. Eftir erindið og meðan það var flutt spunnust líflegar umræður um efnið.

Að erindi Jóns Geirs loknu stjórnaði Einar Ragnar ljósmyndasýningu frá Fellsmörk og höfðu nokkrir félagsmenn lagt fram myndefni, bæði nýtt og eldra, jafnframt voru bornar fram kaffiveitingar.

Í lok fundarins gerði formaður félagsins, Hannes Siggason, grein fyrir helstu málum sem stjórnin glímir við um þessar mundir. Ber þar hæst GPS-mælingar eða hnitasetning landnemaspildna sem er forsenda fyrir því að unnt sé að þinglýsa landnemasamningum, en það verk hefur dregist að vinna og klára í mörg ár. Mælingum er lokið og vinnur fyrirtækið Landnot, sem annaðist þær, nú að eftirvinnslu gagna sem verða öll lögð fyrir félagið til skoðunar áður en þau fara áfram til Skógræktarfélags Reykjavíkur og síðar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps. Er stefnt að því að ljúka þessu ferli eigi síðar en í vetarlök 2008.

Fundinn sóttu 18 félagsmenn.

Fundargerð ritaði Einar Kristjánsson fulltrúi Gilbrautar í stjórn félagsins.